

## Skýrsla um EFTA-fund 12 og 13 nóvember 2008.

Undirritaður, Páll H. Hannesson, alþjóðafulltrúi BSRB fór fyrir hönd samtakanna á fund Ráðgjafanefndar EFTA. Fundardagskrá er að finna á ensku hér að neðan, en helstu atriði fundarins voru framsögur gesta um samskipti/samband EES/EFTA og ESB, skýrslu fulltrúa, umræður og samþykkt ályktunar ráðgjafanefndarinnar um orkumál, loftslagsmál og viðskipti og kynning á endurnýjaðari félagslegri dagskrá ESB. Að auki var undirbúinn fundur næsta dag með sitjandi EFTA-ráðherra, sem hefði átt að vera Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, en Þórunn Sveinbjarnardóttir mætti í hennar stað. Þá var rædd dagskrá nefndarinnar fyrir næsta ár og formannsskipti í nefndinni, en sökum veikinda sitjandi formanns á síðasta ári, hefur verið ákveðið að framlengja formannstíð hennar um eitt ár. Það riðlar hins vegar því kerfi sem er um formennskuna og snertir íslensku verkalýðshreyfinguna, þ.e. BSRB og ASÍ.

1. **Sigve Bjordal**, upplýsingastjóri, Financial Mechanism Office, FMO, gerði grein fyrir stöðu sjóða EES og Noregs sem settir voru á stofn við inngöngu 10 nýrra ríkja í ESB árið 2004. Noregur, Ísland og Lichenstein leggja sameiginlega í EES-sjóði en auk þess leggur Noregur fram fjármagn í svokallaða Noregssjóði. Um er að ræða 1,3 milljarða Evra sem eru til ráðstöfunar á tímabilinu 2004-2009 og leggur Noregur fram um 95% upphæðarinnar. Peningarnir renna til ríkjanna 10, til Búlgaríu og Rúmeníu eftir að þau ríki gengu inn í ESB auk Grikklands, Portugals og Spánar. Peningarnir fara aðallega til verkefna er varða menningarlega arfleifð, sjálfbæra þróun og til Schengen-mála. Pólland er stærsti viðtakandi fjármagns og hefur fengið um 44% af veittu fé. Sigve sagði það miður að af öllum þeim verkefnum og umsóknum sem væru í gangi, væru engar þar sem aðilar vinnumarkaðarins ættu hlutdeild í. Andre Nerheim fulltrúi LO í Noregi gerði athugasemdir. Hann sagi að LO í Noregi hefði átt í viðræðum við ríkisstjórnina síðan 2003 um fá svokallaðan "social dialogue" eða umræður um félagsleg mál viðurkennd sem styrkhæft svið úr þessum sjóðum. Þau mál sem hægt væri að vinna með undir þeirri regnhlíf eru t.d. félagsleg undirboð, styrking verkalýðssamtaka, samþætting (integration) og fleiri. Sagði Andre að LO vildi að settur yrði upp sérstakur sjóður innan þessa kerfis við hlið þeirra sjóða sem fyrir eru, sem væri sérstaklega ætlaður til að styrkja þessi mál. Sagði hann málið hafa verið þungt í vinnslu og engan áhuga að finna innan ESB á því. Það væri lágmark að þau lönd sem legðu fé í þessa sjóði, gætu haft eitthvað um það að segja hvernig þeim væri varið. Sigve sagði að það væri tekið tillit til óska ríkisstjórna í þessum málum og verkalýðshreyfingin í Noregi eða öðrum löndum sem vildu fá þessu framgengt, yrðu bara að sannfæra ríkisstjórnir sínar um ágæti málsins og þær tæku málið síðan upp á vettvangi EES/ESB.

### **BSRB þarf að kanna áherslur utanríkisráðuneytisins í þessum viðræðum og koma sínum óskum á framfæri.**

Aðrar umræður sem urðu í þessu tilefni sneru að ástandinu á Íslandi og hvaða möguleikar landið hefði til að greiða áfram í þessa sjóði. Lýstu menn áhyggjum af því. Sigve sagði að það skipti litlu máli þó svo dragi úr framlögum Íslands, Noregur legði fram 97% fjármunanna.

Við þetta er að bæta að á fundi ráðgjafanefndarinnar á Svalbarða, kom fram í framsögu eins aðalsamningamanns ESB við EES-löndin, Matthiasar Brinkmann, að ESB myndi gera kröfur um verulega hækkun framlög EES – landanna á næsta tímabili, frá 2009.

Kom fram í máli fulltrúa LO í Noregi að rætt hefði verið um allt að 50% aukningu framlaga og þeim mun meiri ástæða væri fyrir EES-löndin að hafa eitthvað um það að segja hvert þeir peningar renni.

**Marius Vahl**, fulltrúi á EFTA-skrifstofunni fór yfir stöðu mála vegna Lissabon-sáttmálans. Sagði hann 22 ríki hafa staðfest sáttmálann hingað til og þá stæðu fimm út af. Það væru Svíþjóð, Þýskaland, Pólland, Írland og Tékkland. Hann bjóst við að Svíþjóð samþykkti sáttmálann fljótlega ( það gerðist reyndar 20. nóvember) og að Þýskaland myndi samþykkja fyrir árslok. Í Póllandi hefur þingið samþykkt sáttmálann en ekki forsetinn. Um er að ræða innbyrðis valdatogsteitu, en Marius taldi að forsetinn myndi gefa sig, enda hefði hann áður stutt sáttmálann.

Írland og Tékkland yrðu hins vegar ”erfiðari”. Í Tékklandi er forsetinn á móti samþykkt og málið á leið fyrir stjórnarskrárdómstól og óvist um niðurstöðu þar. Forsetinn kynni að beita neitunarvaldi í málinu, en áhöld munu uppi um hvort honum er það lagalega heimilt. Ósennilegt sé að Tékkar verði búnir að samþykkja sáttmálann fyrir 2009, en þá munu Tékkar taka við forsæti í ESB.

Írland hefur þegar sagt nei en ESB virðist ekki ætla að taka það gilt og þrýstir á um nýja atkvæðagreiðslu. Virðist ESB vera sannfært um að Írar hafi sagt nei út af einhverjum misskilningi sem ætti að vera auðvelt að leiðrétta í flestum tilvikum. Hugsanlega yrði að gefa Írum einhverjar undanþágur (opt-out), eins og t.d. í fóstureyðingarmálum. Sennilega yrði að bera slíkar undanþágur til samykktar í öllum ríkjum ESB. Þá er spurning um að endurtaka þjóðaratkvæðagreiðsluna og þá hugsanlega þannig að Írum yrði í leiðinni stillt upp við vegg, þannig að ef þeir segðu nei við Lissabon-sáttmálanum þá segðu þeir sig í leiðinni úr ESB! Þessu ferli verður sennilega ekki lokið fyrr en í fyrsta lagi í október 2009. Ef það fer í gegn þá sleppur það gagnvart Commissioninni, en ef að það verður seinna verður að skipa nýja framkvæmdastjórn ESB á grundvelli Nice-sáttmálans, sem mun skapa ýmis vandamál. Þar er t.d. kveðið á um hámarksfjölda landa sem geta verið í ESB (Nice gerir ráð fyrir 27 aðildarríkjum) sem hefur áhrif á inngöngu nýrra landa – þ.m.t. Íslands ef svo fer að við sækjum um.

**Wolfgang Bücherl** frá framkvæmdastjórn ESB ræddi um ”renewed social agenda” eða endurnýjaðar áherslur í félagsmálum, sem framkvæmdanefndin hefði lagt fram í júlí 2008. Það plagg kæmi í framhaldi af skjali frá 2005 en þar að auki hefði verið gefin út sérstök yfirlýsing 2006. Væri stefnuskjalinu ætlað að vera viðbrögð við þeim vandamálum sem efst væru á baugi, lýðfræðlegum vandamálum eins og auknum fjölda eldri borgara á komandi árum, loftslagsmálum, innflytjendamálum o.s.frv. Útskýrði hann að áherslurnar hefðu orðið til eftir samráðsferli og réttlætti inngríp framkvæmdanefndarinnar í málaflokka sem taldir eru vera á könnu einstakra aðildarlanda, með því að hér væri um sameiginleg vandamál að ræða sem kölluðu á miðlæg viðbrögð. Hann nefndi að ef skýrslan hefði verið aðeins seinna á ferðinni hefði eflaust verið rætt þar um fjármálakreppuna. Hann lagði mikla áherslu á að hér væri beitt þvermenningarlegri aðferðafræði (cross cultural approach) og ”heildstæðri og samþættri nálgun” (holistic and integrated approach). Slagorð áætlunarinnar væru; ”Tækifæri, aðgangur og samstaða” eða opportunities, access and solidarity. Tæki til að ná árangri væru ýmis, t.d. social dialogue, eða samræður hagsmunaaðila, method of open coordination o.fl. Það sem væri nýtt væri að þeim væri öllum beitt samtímis. Nú ætti að gera félagsleg

markmið að hluta af heildarstefnunni. Ekki ætti bara að miða við efnahagslega mælikvarða heldur einnig félagslega og umhverfislega. Sem hluta af þessari stefnu nefndi hann að fjórir lagabálkar hefðu verið settir og væri tilskipun um heilbrigðisþjónustu yfir landamæri (cross border health directive) einn þeirra. Þá væru 18 "initatives" eða stefnuvakar hluti þessa, og væri skjal um samþættingu atvinnu og fjölskyldulífs dæmi þar um. Heildarstefnan eða renewed social agenda, gildi hins vegar aðeins fram til ársins 2010. Og hann undirstrikaði að þessi framkvæmdanefnd ESB væri ekki aðeins umhugað um innri markaðinn heldur einnig félagslegu málin.

**Undirrituðum** þótti þetta erindi áhugavert um margt, ekki síst að nú ætti að fara að sinna félagsmálum en ekki bara innri markaði, en framkvæmdastjórnin hefur ætíð haldið því fram að það væri stefna hennar, enda eru allir þessir þættir hluti af Lissabon-áætlunarinnar. Það var því fróðlegt að heyra viðurkenningu á því að fyrri framkvæmdanefndir hefðu ekki sinnt félagslegum eða umhverfisþáttum Lissabon-áætlunarinnar, enda hefur það verið eitt aðalgagnrýnisatriði verkalýðshreyfingarinnar og félagasamtaka á stefnu framkvæmdanefndar ESB í verki. Að loknu erindinu voru leyfðar spurningar og nýtti undirritaður sér það. Ég fagnaði þessari stefnubreytingu framkvæmdanefndarinnar og sagði að þessi slagorð sem hún hefði valið sér myndu sóma sér sem slagorð hvaða framsækinnar norrænar velferðarstjórnar sem væri. Einnig fagnaði ég þeirri heildstæðu nálgun sem ætti að beita. Ég minnti hins vegar á að þetta væru verkefni sem almannajónusta í aðildarlöndunum hefði haft á hendi og að EPSU hefði lengi barist fyrir heildstæðri nálgun af þessu tagi um almannajónustuna, með því að krefjast heildstæðrar tilskipunar um almannajónustuna sem viðurkenndi sérstöðu hennar og staðsetti hana ekki undir reglum innri markaðarins. Því spurði ég hvort að það mætti ekki búast við stefnubreytingu af hálfu framkvæmdastjórnarinnar varðandi slíka tilskipun og hvort það væri ekki í samræmi við þessar áherslur að hún myndi leggja áherslu á heildstæða nálgun um almannajónustuna, í stað þess að hluta hana í sundur með tilskipun um hvern þátt hennar fyrir sig?

Herra **Wolfgang Bücherl** sá ekki samhengið og svaraði stuttlega að engin stefnubreyting væri fyrirhuguð hjá framkvæmdastjórn ESB varðandi skipulag almannajónustunnar eða tilskiparnir þar að lútandi.

**Bücherl** fór síðan nánar yfir tilskipunina um veitingu heilbrigðisþjónustu yfir landamæri, sem hefur verið mjög umdeild og var m.a. tekist á um þetta mál í upphaflegu þjónustutilskipuninni. Þar var tilraunum til að koma heilbrigðisþjónustunni undir tilskipunina hnekkt, en núverandi tilskipun er framhald þeirrar hugsunar. Bücherl lagði því mikla áherslu á að tilskipunin snerist eingöngu um réttindi sjúklinga en ekki um rétt á flutningum á þjónustu milli landa. Vísaði hann í dóma Evrópudómsstólsins sem undirstöðu tilskipunarinnar og að hun myndi hvort sem er ekki snerta nema lítinn hluta íbúa Evrópu, framkvæmdanefndin hefði áætlað að um 10% íbúa álfunnar myndu nýta sér tilskipunina. Þetta gæti styrkt samvinnu milli ríkja og komið yrði upp sjálfvirkum upplýsingamiðstöðvum í hverju landi þangað sem sjúklingar gætu leitað. Undirritaður spurði nokkurra ganrýninna spurninga um hvort ekki væri hætta á að þetta riðlaði heilbrigðisþjónustu í heimalöndum, gerði skipulagningu erfiðari og veitti einkaaðilum tækifæri til að fleyta rjómann ofan af með einföldum og ábatasömum aðgerðum, en skyldu hinar erfiðu eftir í höndum ríkisins. Sérstaklega þar sem ekki væri kveðið á um að sjúklingar þyrftu að leita fyrirfram samþykkis heima fyrir. Bücherl gerði lítið úr því og sagði að aðeins yrði greiddur kostnaður sem heimalandið samþykkti fyrir samskonar

aðgerðir heima fyrir. Liz Helgesen benti á að hætta væri á að þetta leiddi til kerfisbundinnar mismununar milli landa, þar sem sjúklingar frá fátækari löndum þar sem sjúkrakostnaður er lægri en í ríku löndunum, gætu þ.a.l. aldrei fengið meira endurgreitt en sem nemur kostnaði heima fyrir og hefðu því ekki efni á að sækja hjúkrun til ríkari landa. Þetta gildi hins vegar ekki um sjúklinga fra ríkari löndunum. Sagði Büchere að það væri verið að skoða það mál. Hann sá sem sagt eingöngu kosti við tilskipunina, en annað áhugavert sem hann bætti við var að IMCO-nefndin sem sér um innrimarkaðsmál, hefði sennilega áhuga á að útvíkka tilskipunina þannig að hún tæki til flutninga starfsfólks milli landamæra. Þá er farið að stytast í að framkvæmdanefndin sé búin að setja upp regluverk líku því sem var hafnað í upprunalegu þjónustutilskipuninni. Því er við að bæta að EPSU er að vinna skýrslu um þessa tilskipun og er mjög gagnrýnin á mörg atriði og telur að hún hafi áhrif á mun fleiri þætti en framkvæmdastjórnin vill vera láta. Hefur undirrituðum gefist kostur á að koma að þeirri vinnu á síðustu stigum, en skýrslan er væntanleg fljótlega.

Þá kom fulltrúi skrifstofu EFTA á fundinn og kynnti væntanlegar tilskipanir í neytendamálum.

### **Skýrslur frá aðildarlöndum.**

Byrjað var á Íslandi og voru menn áhugasamir að heyra af ástandinu. **Guðlaugur Stefánsson frá SA** gaf sína sýn á ástandið, fagnaði IMF-láninu og hallmælti Bretum, en dró annars upp dökka mynd þar sem hann líkti ástandinu við náttúruhamfarir.

**Undirritaður** varaði við því að menn litu á þetta sem náttúruhamfarir. Þetta væru að sjálfsögðu mannana verk og ræturnar mætti rekja til hugmyndafræði nýfrjálshyggjunnar og þeirra áhersla sem þar eru lagðar á frelsi markaðarins og almenna markaðsvæðingu og einkavæðingu samfélagsins. Það hefði leitt til breyttra viðhorfa og minna eftirlits. Þessi viðhorf hefðu fengið sitt tækifæri til að móta samfélagið og uppskeran væri nú í húsi. Því mætti nú búast við áherslubreytingum, meira eftirlit yrði af hálfu samfélagsins og auknar áherslur á jöfnuð og samfélagsmál. Þessar breytingar þyrfti fríverslunarbandalag eins og EFTA að taka til íhugunar – nú væri ekki lengur eitt einfalt markmið – ”frelsi” – til að stefna að. Lífið yrði að vera ögn flóknara ef vel ætti að fara. Eftir allt þá væri líklegast að íslensku bankarnir hefðu fylgt öllum lögum og reglum á EES-svæðinu. Það væri því ljóst að hemja þyrfti fjármálastofnanir, vogunarsjóði og fjárfestingarbanka. Taka þyrfti til skoðunar ýkt vægi samkeppnisreglna og veita opinberum aðilum meira svigrúm við rekstur og veitingu opinberrar almannaþjónustu.

En sem nærtækt dæmi um neikvæðar afleiðingar hrunsins á Íslandi mætti nefna að utanríkisráðuneytið hefði haft samband við suma fulltrúa Íslands í EFTA-ráðgjafanefndinni og tjáð þeim að ekki yrði borgað fyrir ferðir þeirra á fundinn, allur peningur væri búinn. Tekist hefði að vinda ofan af þeirri ákvörðun en óvíst væri hvernig framhaldið yrði.

**Bjarni Már frá SI** sagði ástæðurnar vera “bad business, bad banking and bad luck.”

Það var eftirtektarvert að mun minni krepputónn var í fulltrúum Sviss og Noregs. Reyndar sagði **fulltrúi atvinnurekanda í Sviss, Gregor**, að bankakreppunnar væri nú að byrja að gæta í Sviss, stór banki USB hefi átt í miklum vandræðum og traust og viðskipti milli banka færu þverrandi. **Fulltrúi atvinnurekanda í Noregi, Espen Söilen**, byrjaði á að segja að það frelsi og reglur væru ekki vandamálið, það þyrfti bara betri reglur og nýta frelsið betur. Annars væru fá krepputeikn í Noregi, þó hefði verið á olíu og áli lækkað, en atvinnurekendur vildu lækka laun verkafólk og minnka skatt á fyrirtæki til að vera viðbúin. Hinn fulltrúi atvinnurekanda í Noregi **Knut Sörlie**, stakk upp á að OECD yrði fengið það verkefni a greina kreppuna og sagði síðan að það væri vandamál með þjónustutillskipunina í Noregi, tveir af þremur ríkisstjórnarflokkum vildu beita neitunarvaldi gegn henni.

**Bente frá sveitarfélögunum í Noregi (KS)** sagðist styðja uppptöku þjónustutillskipunarinnar. Það jákvæða við kreppuna væri að væntanlega gæfist sveitarfélögum kostur á hæfara fólki til starfa, sem flosnaði upp frá fyrirtækjum sem stæðu illa. Annars tilkynnti hún að það hefði verið komið á sérstökum vettvangi (forum) fyrir sveitarstjórnarmál innan EFTA. Þá sagði hun vandamál að á vettvangi social dialogue um sveitarstjórnarmál væri léleg mæting. Norðurlöndin ættu fulltrúa á fundum og örfá lönd í norður –Evrópu, en atvinnurekendur frá mið- austur og suður Evrópu sendu ekki fulltrúa á fundina til viðræðna við EPSU. Þetta dragi úr virkni og trúverðugleika starfsins. Andre Nerheim frá LO í Noregi sagði að aldrei hefði verið meiri þörf a social dialogue en nú. Það væri hins vegar misskilningur að LO hefði krafist að beitt yrði neitunarvaldi gegn þjónustutillskipuninni, LO vildi fá svör við lykilsurningum og á grunni þeirra svara yrði ákvörðun tekin.

**Ivar Jörgesen frá samtökum verslunarinnar í Noregi** sagði mikilvægt að allir fulltrúar í nefndinni ættu tök a að mæta á fundi nefndarinnar og EFTA yrði að sjá til þess að utanaðkomandi ástæður kæmu ekki í veg fyrir það. En sem dæmi um áhrif kreppunnar í Noregi nefndi hann að nýjum lögum um eftirlaun hefði verið frestað í framkvmd um eitt ár, fra 2010 til 2011.

**Liz Helgesen frá Unio** sagði mikilvægast að halda fólki í vinnu og að það ætti að fjárfesta í opinbera geiranum.

**Wenche Paulsruud** var á sama máli og Liz, nauðsynlegt væri að halda háu atvinnustigi, vöxtum lágum. Þá nefndi hún að ráðgjafanefndin hefði farið fram á að ríkisstjórnir settu upp samráðsnefndir um áhrif loftslagsbreytinga á atvinnustig.

### **Álit ráðgjafanefndarinnar um loftlags-, orku og viðskiptamál.**

Eitt helsta efni þessa fundar var afgreiðsla á skýrslu nefndarinnar um loftlags-, orku og viðskiptamál. Drög, sem unnin voru af Knut Sörlie frá norska atvinnurekandasambandinu, voru lögð fyrir nefndina á síðasta fundi í Bergen og þá voru ræddar þrjár breytingatillögur frá LO og Unio. Undirritaður hafði á þeim tímapunkti ekki tilbúna breytingartillögur en lýsti stuðningi við framkomnar tillögur og boðaði frekari breytingar síðar. Þegar ég hafði unnið þær tillögur hafði ég samband við fulltrúa LO og Unio og lögðum við fram sameiginlega breytingartillögur við nú liði skýrsludraganna af tuttugu alls. Fulltrúi SA lagði einnig fram breytingartillögur sem gengu í stórum dráttum út á að halda opinni sérstöðu Íslands í mengunarmálum. Sumar sameiginlegu breytingartillagnanna voru samþykktar óbreyttar, en um aðrar náðust málamiðlanir.

Þannig var samþykkt undirlið 7 að leggja meiri áherslu á "græn" störf og að megináhersla skyldi lögð á að byggja upp sjálfbæra atvinnuvegi og hagkerfi, sem viðbrögð við fjármálakreppunni. Áherslum var breytt í lið 11 úr því að engar mótsagnir væru á milli frjálsra viðskipta og stefnu í loftslagsmálum, yfir í að "teknu tilliti til yfirvofandi hættu í loftslagsmálum" þá þyrftu slíkar mótsagnir ekki að finnast. Í drögunum var lögð mikil áhersla á að ekki ætti að setja áherslur í loftslagsmálum inn í viðskiptasamninga, en úr því var dregið með breytingunum: "enda styddu slíkir viðskiptasamningar að fullu og gengu út frá markmiðum um sjálfbæra þróun við opnun nýrra markaða". Í lið 12 var farið fram á að nefndin lýsti yfir fullum stuðningi við frekari markaðsvæðingu "environmental goods and services" í yfirstandandi viðræðum WTO, Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Ennfremur að EFTA ætti að fylgja sömu stefnu. Undirritaður lagði til með rökum að þessir liðir yrðu felldir út. Var á það bent að skilgreiningin á umhverfisþjónustu væri víð og óviss, mikið af þessari þjónustu snerti almannþjónustu og væri háð náttúrulegri einokun og vanalega veitt af opinberum aðilum, auk annarra raka. Málamiðlun varð á endanum um að hvetja ætti til lækkunar tolla á vissum tilgreindum og endanlegu lista um 20 "umhverfisvara" sem er í vinnslu hjá WTO og að EFTA ætti að vinna að því að koma upp svipuðum lista. Lið 13 var eytt að tillögu unírritaðs og LO og Unio. Í þeim var hvatt til að Doha viðræðunum yrði lokið og ef þeim yrði ekki lokið með fullnægjandi hætti hefði það neikvæð áhrif á umræðum um loftslagsmál á vegum Sameinuðu þjóðanna (UNFCCC). Orðalagi í lið 14 var breytt úr því að lýsa yfir djúpum áhyggjum af tillögum um að beita einhliða höftum á innflutning ríkja sem ekki færu að samningum um umhverfisstaðla, sem leiði til að draga úr "kolefnis leka", yfir í orðalag þar sem áhyggjum var lýst yfir að slíkar aðgerðir gætu haft neikvæð áhrif á atvinnumarkað í Evrópu. Hins vegar væri þörf á frekari rannsóknum á áhrifum þessara tillagna. Þess má geta að ITUC styður þær tillögur sem átti að lýsa djúpum áhyggjum af. Fleiri breytingar náðust fram, en það er skoðun undirritaðs að breytingarnar hafi verið mjög til góðs, þó svo niðurstaðan hafi ekki verið að fullu eftir okkar höfði. Þá var einnig mjög jákvætt að samstaða og samvinna náðist að frumkvæði BSRB við LO og Unio í Noregi um tillöguflutning.

### **Undirbúningur fyrir fund með Þórunni Sveinbjarnardóttur**

Þá var ræddur komandi fundur með Þórunni Sveinbjarnardóttur, staðgengli ISG utanríkisráðherra, en Ísland fer nú með formennsku í EFTA. Kom þar fram að fulltrúi LO ætlaði að ræða fríverslunarsamninga EFTA við Kolumbú, sem til stóð að undirrita á næstu dögum. Taldi hann óviðunandi að ekki hefði tekist að koma inn ILO- ákvæðum í samninginn, en mannréttindabrot eru mjög algeng í Kolumbú, ekki síst gegn félögum í verkalyðshreyfingunni. Undirritaður var ánægður með það, enda hefur BSRB áður komið athugasemdum á framfæri við utanríkisráðuneytið um innihald þessara fríverslunarsamninga við Kolumbú.

### **Væntanleg formennska (BSRB?) í nefndinni**

Þá var að lokum rætt um formannsskipti í nefndinni. Wenche Paulsruud hefur verið formaður sl. ár, en hefur verið frá mestallan tíma sökum veikinda. Var vitað að hún hefði áhuga að sitja áfram. Fulltrúi SA átti að taka við formennsku, enda varaformaður nefndarinnar. Hann ákvað hins vegar að biðja fulltrúa Íslands að fallast á að Paulsruud sæti áfram næsta vetur og var orðið við þeirri beiðni. Féllust aðrir í nefndinni á það á

fundinum. Það mun hins vegar riðla þeirri væntanlegu röð formanna og varaformanna sem var fyrirhuguð, þannig að í stað þess að fulltrúi SA tæki við formennsku og fulltrúi verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi tæki við varaformennsku, annað hvort BSRB eða ASÍ, að þá munu fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar hér heima ekki fá tækifæri til að gegna hlutverki varaformanns, heldur ganga beint í formenskuna að lokinni setu fulltrúa SA. Það þykir bagalegt enda er varaformennskan nokkurs konar æfingartími fyrir formenskuna. Var rædd um að við þessu þyrfti að bregðast með einhverjum hætti og að væntanlega myndi sá fulltrúi verkalýðshreyfingarinnar sem yrði valinn, koma oftár á fundi með formanni og varaformanni á næsta ári. Paulsruud sagði reyndar að þetta yrði ekki vandamál ef fulltrúi ASÍ yrði fyrir valinu, þar sem Halldór Gröndvoll hefði setið það lengi í nefndinni. **Ljóst er því að vandamálið snýr að okkar fulltrúa og þarf BSRB að ákveða hvort það sækist eftir formennsku í nefndinni þegar þar að kemur.** Tel ég það vera sjálfsagt.

Loks voru kynnt drög að verkefnum næsta árs. Undir þeim lið nefndi fulltrúi BSRB að hann itrekaði þá skoðun BSRB sem áður hefði komið fram, að nefndin ætti að beina sjónum sínum sérstaklega að stöðu almannatjónustunnar innan ESB og hver áhrif þróunarinnar gætu orðið á EFTA-ríkin.

Næsti fundur nefndarinnar er áætlaður 11.-12. mars 2009 í Brussel.

Næsta morgun var haldinn stuttur fundur með EFTA-ráðherranum, sá 161. í röðinni. Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfissráðherra mætti í stað Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, utanríkisráðherra. Á fyrsta hluta fundarins sem undirritaður sat, spurðu nefndarmenn ráðgjafanefndarinnar ráðherra spurninga eftir að hafa hlustað á inngangsræðu um ástandið á Íslandi. Svarami ráðherra spurningum með almennum hætti og gaf sumar frá sér, eins og hvaða áhrif kreppuástandið á Íslandi hefði á getu eða vilja landins til að auka fjárframlög sín vegna EES-samningins, eins og ESB hefur krafist. Hún sagði hins vegar að það væri nauðsynlegt að halda áfram að vinna að umhverfismálum þrátt fyrir kreppuna.

Páll H. Hannesson, alþjóðafulltrúi BSRB.

## **Dagskrá fundar:**

### **CONSULTATIVE COMMITTEE**

Ref. 1086951

4 November 2008

### **160TH MEETING**

*12 November 2008, 10.30-18.30*

*EFTA offices, Brussels*

*Meeting room 2*

### **Draft Annotated Agenda**

#### **1. Adoption of the agenda**

The Chair, Ms Wenche Paulsrud, will bring the draft agenda (Ref. 1086951) up for adoption.

## **2. Adoption of the draft minutes from the previous meeting**

The draft minutes of the previous meeting of the Consultative Committee (Ref. 1085053), which took place in Lugano on 30 June 2008, have been distributed.

## **3. Reporting from EU/EEA/EFTA activities**

- Mr Sigve Bjordal, Head of Information, FMO, will report on the state of play of the EEA and Norwegian financial mechanisms.

- Mr Marius Vahl, Officer, EFTA Secretariat, will report on latest developments with regard to the Lisbon Treaty.

- Members are invited to report on latest developments in the EU Social Dialogue and on activities at national level (e.g. activities linked to the ongoing financial crisis, the Services Directive, Schengen ...)

- Members are asked to notify EFTA CC participation in EU/EEA meetings:

*EU-Croatia Joint Consultative Committee meeting, Croatia, 16 October 2008 (Ms Enodd - Ref. tbc)*

*Joint EEA Parliamentary Committee meeting, Brussels, 4 November 2008 (Ms Paulsrud – Ref. tbc)*

## **4. Draft EFTA CC opinion on energy, climate and trade**

Members are invited to discuss and adopt the revised EFTA CC draft opinion on energy, climate, and trade (Ref. 1085765) which has been prepared by the rapporteur, Mr Knut Sørli. The revised draft is based on initial discussions in the Committee on 13 October 2008 (following the joint EFTA CC/EFTA PC conference in Bergen) and comments submitted by members since then, and it was distributed to members with other meeting documents on 4 November 2008.

## **5. The renewed EU Social Agenda**

Mr Wolfgang Bücherl, Policy Officer, DG Employment, Social Affairs and Equal Opportunities, European Commission, will present the renewed EU social agenda which was published by the European Commission on 2 July 2008. This broad policy package cuts across several policy fields such as employment and social affairs, education and youth, health, information society, immigration, and intercultural dialogue. An overview of the complete package can be found at <http://ec.europa.eu/social/main.jsp?catId=547> and the key Communication was distributed to members (COM(2008) 412 final) with the other meeting documents.

## **6. Latest developments in consumer policy**

As a follow-up to the work of the Consultative Committee on the single market review in 2007 and 2008, Ms Désirée von Hohenlohe, Officer, EFTA Secretariat, will present latest developments in the field of consumer policy.

## **7. Prepare for meeting with EFTA Ministerial Chair**

Delegates are invited to prepare for the meeting with the EFTA Ministerial Chair (Icelandic Minister) the following day at 09h00-10h30. Draft agenda (Ref. 21605) has been distributed, as well as two background notes on latest EEA and latest third country developments. Members are encouraged to read the background notes carefully in preparation for the dialogue with the Minister. As

a follow-up to the meeting with the EFTA Ministers in Lugano in June 2008, the EFTA CC Chair on 27 October 2008 also sent a letter to the Ministerial Chair to highlight some key issues that she would like to touch upon in the meeting. The letter was distributed to all members on 28 October (Ref. 1087231).

#### **8. Future activities**

Delegates are invited to discuss future activities:

- Draft EFTA CC framework programme 2009, including preliminary draft meeting schedule (Ref. 1087245)

#### **9. EFTA CC chairmanship 2008-2010**

Normally the EFTA CC would at this meeting agree a new Chair and new Vice-Chairs for the next two-year chairmanship period (2008-2010). The current Vice-Chair, Mr Stefánsson, was scheduled to take over the chairmanship from the current Chair, Ms Paulsrud. However, having acted as chair for most of this year already, due to Ms Paulsrud's illness, Mr Stefánsson would like to propose that Ms Paulsrud chairs the Committee for one more year (in 2009), before he then completes his chairmanship in year 2010. Switzerland or Liechtenstein will continue to hold the second Vice-Chair. The delegates are invited to take a decision on this.

#### **10. Other business**

Delegates are invited to bring up any other business.

#### **11. Next meeting**

The next meeting of the EFTA Consultative Committee will most likely take place in Brussels on 11-12 March 2009 (tbc).